



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Árangurskönnun Menningarverkefni

Niðurstöður könnunar

Október 2016


Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Ráðgjafi og verkefnastjóri
Nýheimar Höfn

ALMENNT


Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlutu styrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Könnunin er að jafnaði send út a.m.k. 6 mánuðum eftir að styrkur er veittur. Í þessu tilfalli var könnunin send á alla þá er hlutu styrk haustið 2015 og vorið 2016, til alls 93 styrkhafa og fékkst 66% svörum frá 61 styrkþegum.

ÁRANGUR VERKEFNA

Flest menningarverkefni hlutu styrk í lægri kantinum, 50% undir 250 þúsund og tæp 37% á bilinu 251-500 þúsund. Tæplega 12% hlutu 501 þús. – 1 milljón og aðeins 1 sem var með styrk yfir 1 milljón. Af þeim 60 sem svöruðu spurningunni um hver staða verkefnisins væri svöruðu 29 að verkefninu væri lokið og 30 svöruðu því að það væri í vinnslu. Í framhaldinu voru þeir spurðir sem ekki höfðu lokið verkefninu hvenær þeir teldu að verkefninu lyki og samkvæmt svörum munu yfir 50% þeirra klárast á næstu 6 mánuðum.




Mynd 1: Staða verkefnisins?




Mynd 2: Ef verkefninu er ekki lokið, hvenær er von á því?

Styrkþegar þar sem verkefnið innihélt viðburð voru spurðir hversu margir mættu á viðburðinn. Tæplega 44% svarenda fengu á bilinu 101-500 manns á viðburðinn, tæp 15% fengu 501-1000 manns og 15% fengu fleiri en 1000 manns (sjá mynd 3). Miðað við þessi svör eru þetta gróflega reiknað 29 þúsund gestir. Í næstu spurningu var spurt hvort að styrkþegar teldu að verkefnið hefði orðið að veruleika ef styrkveitingin hefði ekki fengist. Tæplega 1/3 svarenda voru þess fullvissir að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika nema með aðkomu Uppbyggingarsjóðs. Má því áætla að 10 þúsund gestir hafi verið í „boði sjóðsins“.



Mynd 3: Ef viðburður, hversu margir mættu?




Mynd 4: Hefði verkefnið orðið að veruleika ef ekki hefði hlotist styrkur?


Spurt var hvernig styrkhafi teldi árangur af verkefninu vera með tilliti til markmiða sjóðsins og voru svörin mjög jákvæð, en yfir 98% svarenda töldu árangurinn vera frekar eða mjög góðan. Þegar spurt var um hvort talið yrði að af verkefninu yrði framhald eða hvort það yrði endurtekið töldu yfir 50% svarenda að verkefnið yrði endurtekið 1 sinni, 2-5 sinnum eða oft en 5 sinnum. Tæplega 24% svarenda töldu verkefninu vera lokið og yrði ekki endurtekið.

UM STYRKVEITINGAR Á VEGUM SASS

Styrkþegar voru spurðir hvernig þeir teldu stærð og fjölda styrkveitinga ættu að vera. Kom í ljós að flestir eru sammála því að annað hvort eigi stærð og fjöldi að ráðast af eðli verkefna hverju sinni eða að fjölbreytni eigi að ríkja í styrkveitingu. Þegar spurt var um hversu ánægðir/óánægðir styrkþegar voru með styrkveitingu SASS kom í ljós að yfir 87% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir með styrkveitinguna. Einnig var spurt hversu margar styrkveitingar ættu að vera á ári og töldu yfir 75% svarenda að það ættu að vera tvær úthlutanir á ári fremur en ein.




Mynd 5: Stærð og fjöldi styrkveitinga?




Mynd 6: Ánægja/óánægja með styrkveitingu á vegum SASS?

ÞJÓNUSTA Á VEGUM SASS

Spurt var út í ýmsa þætti er tengjast þjónustu á vegum SASS. Fyrsta spurningin tengdist því hversu ánægður eða óánægður styrkþegi var með handleiðslu og eftirfylgni. Yfir 70% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir og aðeins 3% frekar óánægðir. Einnig var spurt um ánægju með útgreiðslu styrkja og það hefði mátt koma betur út, en 6 manns eða tæp 10% svarenda voru frekar eða mjög óánægðir með útgreiðslu styrkja og tæp 30% hvorki né. Mögulega eru það aðilar sem ekki hafa fengið útgreiðslu nú þegar og mætti bæta við þeim möguleika. Spurt var um þjónustu ráðgjafa og starfsfólk á vegum SASS og sögðust 85% svarenda vera frekar eða mjög ánægð með þjónustuna sem hlýtur að teljast góður árangur.



Mynd 7: Ánægja/óánægja með handleiðslu og eftirfylgni?



Mynd 8: Ánægja/óánægja með útgreiðslu styrkja

Að lokum var spurt um aukna stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki á Suðurlandi og voru 61% svarenda á því að þörf væri á aukinni þjónustu en 29% sögðust ekki vita það. Niðurstöðurnar í þessum lið eru mjög svipaðar í öllum könnunum sem framkvæmdar voru vegna Uppbyggingarsjóðsins haustið 2016, allar eiga það sameiginlegt að stærsti liðurinn er „aðstoð við fjármál/fjármögnun“ og „aðstoð við markaðsmál“. Þriðji stærsti flokkurinn hjá menningarhópnum er „aðstoð við gerð styrkumsókna“.

Answer Choices	Responses	
Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	44.26%	27
Aðstoð við gerð styrkumsókna	31.15%	19
Aðstoð við markaðsmál	37.70%	23
Aðstoð við útflutning	4.92%	3
Handleiðslu og ráðgjöf	19.67%	12
Þróun vöru og þjónustu	11.48%	7
Upplýsingaþjónustu	11.48%	7
Eftirfylgni	9.84%	6
Aðstoð við rekstur og stjórnun	4.92%	3
Aðstoð við stofnun fyrirtækja	11.48%	7
Annað, þá hvað	14.75%	9
Total Respondents: 61		

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar koma vel út í þessari könnun. Það virðist vera almenn ánægja meðal styrkþega með úthlutun á vegum sjóðsins og þjónustu. Þar sem u.þ.b. helmingur hópsins sem tók þessa könnun fékk úthlutað í vor þegar rétt um 6 mánuðir eru liðnir, má vænta þess að þau séu sá hluti sem ekki hefur lokið við verkefni sín. Það gæti verið betra að bíða þar til u.þ.b. 7-8 mánuðir eru liðnir frá úthlutun þar til árangurskönnunin er send út. Einu neikvæðu niðurstöðurnar er varðandi útgreiðslu styrkja. Ferlið hefur batnað til muna hvað varðar útgreiðslu og er mun skilvirkara en það var fyrir 4-6 mánuðum síðan og því má vænta betri niðurstöðu í næstu könnun varðandi þann lið.